

8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að fresta innheimtu gjalda af eigendum fasteigna sem náð hafa 67 ára aldri og þeim er eiga við sjúkdóm að stríða. Verði húseign seld, sem gjaldfrest hefur fengið á gatnagerðargjaldi skal sveitarstjórn innheimta gjaldið eins og það var, þegar álagning fór fram, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

9. gr.

Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkv. lögum nr. 29/1985. Sveitarstjórn sker úr um meiriháttar ágreining sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt samþykkt þessari.

10. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Presthólahrepps í Norður-Pingeyjarsýslu og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 24. maí 1988.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Mosfellsbæ.

1. gr.

Búfjárhald utan lögbýla er óheimilt í Mosfellsbæ nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar. Reiðhestahald er þó heimilt á þeim stöðum, sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi skv. 1. gr. skal senda skriflega umsókn um það til bæjarstjórnar. Í umsókn skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig vörslu þess skuli háttað og öðru, er máli kann að skipta.

3. gr.

Nú telur bæjarstjórn, að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi og getur hún þá veitt leyfi til tiltekins tíma, eða til óákveðins tíma með tilteknum afturköllunarfresti. Ef leyfishafi brýtur almennar reglur þessarar samþykktar um meðferð búfjár eða skilyrði leyfisveitingar, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.

Heimilt er að áskilja gjald fyrir leyfi til búfjárhalds í Mosfellsbæ og rennur það í bæjarsjóð.

4. gr.

Ef maður heldur án heimildar búfé, sem samþykkt þessi tekur til, skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða láta slátra því.

Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifnaði.

5. gr.

Lausaganga búfjár er óheimil á öllum tímum í Mosfellsbæ neðan hinnar samfelldu vörslugirðingar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, en hún liggur frá sjó norðan Straumsvíkur, um Kaldársel, ofan Heiðmerkur um Selfjall, Elliðakotsheiði, Miðdalsheiði og Seljadal í Mosfellsdal ofanverðan, að Leirvogsa og út Esjuhlíðar allt til hreppamarka við Kiðafellsá.

6. gr.

Neðan vörslugirðingarinnar skal allt búfé vera í tryggum girðingum á ábyrgð eigenda, þegar það er ekki í húsi. Sauðfé skal flytja til sumarbeitar út fyrir vörslugirðinguna svo skjótt, sem gróður og aðstæður leyfa á vorin, þó aldrei seinna en 20. júní. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði, enda sé féð alltaf í öruggri vörslu, hvort sem það er á húsi eða í tún- eða hagagirðingum.

Þess skal ætíð gætt að loka hliðum vörslugirðingarinnar tryggilega og virða í hvívetna þær reglur sem gæslumenn hennar setja.

7. gr.

Gæslumenn vörslugirðingarinnar skulu eftir atvikum og aðstæðum setja í örugga vörslu eða reka út fyrir hana sauðfé sem finnst á lausagöngu hvar sem er innan hennar, á þeim tíma sem fé á að vera á afrétti eða öðrum upprekstrarlöndum. Utan þess tíma þ.e. fyrir 20. júní og eftir seinni réttir að hausti, skal allt sauðfé á lausagöngu sett í örugga vörslu og hið sama gildir um nautgripi, geitfé, hross og annað búfé á öllum tímum árs.

Nú er búfé handsamað í lausagöngu innan vörslugirðingar og skal þá eigendum tilkynnt um það og þeim gert að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

8. gr.

Gæslumenn vörslugirðingar skulu halda skrá um lausagöngufénað og eigendur hans með sem gleggstum upplýsingum um einstaka gripi, svo sem um mörk, númer og lit. Skal senda viðkomandi búfjáreigendum og félögum búfjáreigenda skrána eftir því sem ástæða þykir til.

9. gr.

Eigendur búfjár bera ætíð ábyrgð á tjóni sem hljótast kann af ágangi búfjár þeirra í landi Mosfellsbæjar.

Framkvæmd samþykktar þessarar, þ.m.t. ákvæði um vörslugirðingu, hefur ekki í för með sér ábyrgð Mosfellsbæjar á búfé og ágangi þess.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Um meðferð mála út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur sett með heimild í lögum nr. 44 frá 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. maí 1988.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Þórhildur Lindal.